

**Fundargerð stjórnar BÍS 09/2017, miðvikudaginn 8. mars 2017 kl. 17:30  
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

**Mættir:**

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi og formaður félagaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS.  
Gestur: Tryggvi Jónsson endurskoðandi BÍS.

**Dagskrá:**

**1) Setning**

Fríður Finna bauð fundarmenn velkomna.

**2) Fundargerðir síðustu funda:** Fundargerðir félagsforingjafundar og aukaskátaþings. Fundargerð 8 samþykkt.

**3) Yfirlit stjórnarmanna:**

**4) Meginviðfangsefni 1:**

- a) Skátaþing 10.-11. mars 2017. Lokayfirferð á framsögu/skýrslu stjórnarmanna.
- b) Heiðursmerki og viðurkenningar. Afgreitt af aðstoðarskátahöfðingja og starfsmanni félagaráðs.
- c) Manna umræðuhópa – umsjón + ritarar.
- d) Kosningar: félagaráð er ekki með framboðsupplýsingar á skatamal.is. Rætt hvort gefa eigi frambjóðendum í ráðið tækifæri á að kynna sig. Ákveðið að biðja frambjóðendur að vera viðbúna ef þeir eru beðnir um að kynna sig.
- e) FFS skrifar undir skipunarbréf nýrra félagsforingja.
- f) Styrktarsjóður skáta – engar umsóknir hafa borist.
- g) Undirbúningsfundur með fundarstjórum: Skátamiðstöðin mun sjá um að undirbúa fundarstjóra fyrir skátaþing, þ.e. fara í gegnum dagskrá, tímaramma, efnislegt innihald o.fl. Einnig er mikilvægt að ekki sé rætt efnislega um það sem bundið er trúnaði og í vinnslu viðbragðsteymis BÍS þar sem um nánast opinn fund er að ræða.

**5) Mál til kynningar:**

- a) Engin mál

**6) Mál til afgreiðslu og bókuunar:**

- a) Sumardagurinn fyrsti. Í vinnslu með að finna umsjónaraðila. SK ræðir við Landnema.
- b) PWC úttekt. Niðurstöður ræddar og færðar í trúnaðarbók.
- c) Yfirlit vinnuhópa – frestað til næsta fundar.
- d) Fulltrúi BÍS í samningsnefnd Úlfjótsvatns sf. Sveinn Guðmundsson gefur áfram kost á sér í samninganefnd. Lagt ert til að kanna með að fá Þorsteinn Fr. Sigurðsson líka í nefndina. FFS falið að tala við hann.

**7) Önnur mál**

- a) Endurmat á Rovernet/Venturennet. Gott að ræða þetta á vettvangi þar sem nokkur ráð koma að umfjöllun. Tveir sjálfboðaliðar fóru til Rómar í

desember og vilja koma ákveðnum punktum um endurmatið á framfæri. Það reyndist erfitt að manna viðburðinn og þeir sem fóru með stuttum fyrirvara náðu lítið að undirbúa sig fyrir viðburðinn, t.d. voru flestir þátttakendur í facebook hóp og okkar meðlimir misstu af þeirri umræðu sem þar fór fram. Enginn fundaði með þeim eða undirbjó þau undir fundinn svo þau fóru út án þess að fá nauðsynlegan undirbúning eða upplýsingaefni frá ráðunum eða alþjóðafulltrúa BÍS. Þau lentu í vandræðum með flugið sitt vegna mistaka í bókunum og ferðatíminn varð því mjög langur og þau misstu að auki af upphafi fundarins. Rætt hjá hvaða ráði þessi viðburður á að vera með tilliti til þess hver á að undirbúa þátttakendur og tryggja að þau fái sem mest út úr viðburðinum. Það er nauðsynlegt að vera með meiri fyrirvara á að velja þátttakendur.

JPG benti á að dagskráráð hefði óskað eftir að velja þátttakendur og senda á viðburðinn enda snýr hann fyrst og fremst að fagsviði þess ráðs. Ljóst sé að framansögðu að þátttakendur hafa verið illa upplýstir í hverju viðburðinn fólst og ekki hefur verið haldinn upplýsingafundur með þátttakendum. Þeir viðburðir sem Alþjóðaráð auglýsir og finnur þátttakendur á er ferlið í stuttu máli þannig

- i. Opin auglýsing ef hægt er
- ii. Þátttakendur valdir
- iii. Undirbúningsfundur með þátttakendum þar sem farið er yfir dagskrá og praktísk atriði
- iv. Við heimkomu er einhvers konar skýrslugerð/afhending á þekkingu til ráða/nefnda

Líklega er best að þessu verklagi sé fylgt, óháð því hvaða ráð sendir þátttakanda.

- b) Rekka- og róvernet – staðan. Verkefnið hefur verið í vinnslu í eitt ár. Ákveðið hefur verið að endurmeta verkefnið og taka hluta þess inn í ráðið aftur (aðallega rekka hlutann). Ungmennaráð og dagskráráð munu taka þetta áfram.
- c) Hreinsun á gólfdukum í Hraunbæ 123. Samþykkt.
- d) Trúnaðarmál, fært í trúnaðarbók.
- e) Húsnæðismál Grænna skáta. Torfi biður um samþykkt fyrir því að bjóða í fasteign sem myndi henta starfsemi vel og myndi vera í svipuðum kostnaði og núverandi húsaleiga. Samþykkt.
- f) Lagt fram bréf til stjórnar frá Braga Björnssyni.
- g) Starfsmannamál. Sigríði falið að klára málið.

Fundi slitið kl. 23:40.  
Fundargerð ritaði SÁ.

## Úr viðburðadagatali BÍS:

febrúar	Styrktarpinni skáta (Torfi og Salka)
10.-11.	Skátaþing
10.-12.	IC Network Meeting
13	Endurfundir skáta
15	Nýliðanámskeið og samráðsfundir stjórnar og ráða BÍS
16	Vítamínkvöld - Hatursorðræða á netinu
17-19	Leiðtoganámskeið - Skátapepp
18	Gilwell leiðtogaþjálfun 4. skref
	Róverskátahelgin - ekki endanleg dagsetning
25	Rödd ungra skáta
25	Félagsstjórnanámskeið
26.-26.	Réttindanámskeið Úlfljótsvatns 1: "Bogfimi" og "Eldað fyrir hópa"
mars/apríl	Gilwell leiðtogaþjálfun 3. skref - ekki á dagatal
1.-2.	Réttindanámskeið Úlfljótsvatns 2: "Klifur" og "Bátar"
4	Fundur BÍS og SSR ásamt félagsforingjum í Rvík um uppbyggingu skátastarfs í Rvík
7-14	Auður djúpúðga - útivistaráskorun rekkaskáta
10	Endurfundir skáta
	Íslenski fáninn í öndvegi
19.-23	Agora 2017 - Delft, Netherlands
20	Sumardagurinn fyrsti
20	Skátafélagið Vífill fagnar 50 ára afmæli
27	Vítamínkvöld - Útivist í skátastarfi
19.-23	Young Spokesperson Training (við höldum þetta fyrir WOSM)
28-30	Hrollur - ævintýraleg útivistarkeppni fyrir dróttskáta